

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps í Snæfellsbæ.

2. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a. Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram kr. 11.325 í sorphirðugjald og kr. 9.425 á íbúð í sorpeyðingargjald.
- b. Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram kr. 3.160 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 4.495 á bústað í gámagjald.

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 8.684 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum. Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 6.602 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir bílhrae greiðast kr. 4.294 fyrir stykkið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 6.941 fyrir tonnið.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.643 fyrir rúmmetra.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 1.073 á rúmmetra.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 3.207 fyrir rúmmetra, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að ¼ hluta farms greiðast kr. 12.847 fyrir hvern rúmmetra og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs hærra en ¼ hluti farms greiðast kr. 16.003 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir klippikort – pressanlegt sorp greiðist kr. 44.267 fyrir stykkið.

Fyrir klippikort – timbur greiðist kr. 16.523 fyrir stykkið.

Fyrir klippikort – brotajárn greiðist kr. 30.379 fyrir stykkið.

Fyrir klippikort – múrbrot og garðaúrgangur greiðist kr. 4.944 fyrir stykkið.

Fyrir garðaúrgang greiðast kr. 2,90 á kíló.

Fyrir fiskikör greiðast kr. 14,30 á kíló.

Fyrir netaafskurð greiðast kr. 17,60 á kíló.

Fyrir netaafskurð greiðast kr. 10.084 á rúmmetra.

Fyrir nálar greiðast kr. 150 á kíló.

Fyrir lyf greiðast kr. 488 á lítra.

Fyrir framköllunarvökva greiðast kr. 115 á lítra.

Fyrir silfur greiðast kr. 696 á lítra.

Virðisaukaskattur er innifalinn í verði skv. þessari grein.

5. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

6. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

7. gr.

Innheimta samkvæmt 4. gr. er gerð með sérstökum reikningi, eindagi er 15 dögum eftir útskrift reiknings.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2007 með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

*Snæfellsbæ, 2. janúar 2008.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.